

## Reifun á úrskurði nr. 4/2015 - Tollverð listmuna

Á kærði ákvörðun Tollstjóra um tollverð listmuna. Kærandi framvísaði reikningi fyrir vörunum við tollafgreiðslu sendingarinnar og voru aðflutningsgjöld reiknuð út frá þeim forsendum. Kærandi hélt því fram að umræddur reikningur sýndi ekki rétt verð á vörunum þar sem það væri of hátt og hafi verið gerður í tryggingaskyni kæmi eitthvað fyrir sendinguna í flutningum. Einnig hélt kærandi því fram að hann hafi borgað fyrir vörunar með málverkum eftir sig sjálfan. Lagði kærandi m.a. fram gögn frá seljanda þess efnis. Fór kærandi fram á leiðréttingu á tollverði sendingarinnar og lækkunar aðflutningsgjalda sem því nemur.

Niðurstaða: Skv. 116. gr. tollalaga ber innflytjandi sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra gjalda. Tollverð vöru er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörunar við útflutning til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðar af ákvæðum 15. gr, sbr. 1. mgr. 14. gr. tollalaga. Við ákvörðun tollverðs hefur það engin áhrif í hvaða formi greiðslan fór fram. Vöruskipti líkt og kærandi heldur fram að hafi átt sér stað eru eftir sem áður metin til verðmæta við ákvörðun tollverðs vöru. Með vísan til gagna málsins telur Tollstjóri að verðmat það sem seljandi lagði fram á síðari stigum málsins ekki trúverðugt. Ákvörðun um höfnun beiðni um leiðréttingu gjalda var því staðfest.